


## Samkomulag milli Einingar-löju og Fjallabyggðar vegna 17 ára ungmenna

Eining-löja, kt. 570599-2599 og Fjallabyggð, kt. 580706-0880 gera með sér eftirfarandi samkomulag um launakjör 17 ára ungmenna sumarið 2020, með vísan til ákvæðis 1.4.3 í kjarasamningi Sambands Íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd Fjallabyggðar og Starfsgreinasambands Íslands fyrir hönd Einingar-löju.

1. Fjallabyggð hefur undanfarin ár boðið 17 ára ungmönnum sumarvinnu í 100% starfi í allt að 11 vikur en ekki undir merkjum Vinnuskóla heldur sem fullgildum starfsmönnum í Einingu-löju. Með því fyrirkomulagi hefur verið möguleiki að bjóða upp á fjölbreytt sumarstörf fyrir þennan aldurshóp.
2. Samningsaðilar eru sammála um að hafa þessi störf með óbreyttum hætti sumarið 2020 enda mikilvægt vegna mjög erfiðra aðstæðna af áhrifum Covid19 að grípa til úrræða til að tryggja að ungmenni eigi kost á sumarvinnu.
3. Fjallabyggð skuldbindur sig til að veita öllum 17 ára ungmönnum, sem þess óska, atvinnu sumarið 2020 í 100% starf í 11 vikur.
4. Eining-löja samþykkir fyrir sitt leyti að launakjör verði óbreytt og miðist við launaröðun verkamanns I eða 82% af launaflokki 117.

Ofanrituðu til staðfestu undirrita aðilar samkomulag þetta.

Síglufirði 2. Júní 2020

  
F.h. Einingar-löju

  
F.h. Fjallabyggðar